

**Borgarstjórn**  
**15. janúar 2019**

**Tillaga borgarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um að vísa skýrslu um Nauthólsveg 100 til þar bærra yfirvalda**

Borgarstjórn samþykkir að fela embætti borgarlögmanns að vísa skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkur sem ber heitið Nauthólsvegur 100 til þar til bærra yfirvalda til yfirferðar og rannsóknar. Jafnframt verði sama embætti falið að senda niðurstöður Borgarskjalasafns á skjalamálum í sama máli áfram þegar að þær liggja fyrir.

**Greinargerð:**

Innri endurskoðun hefur eftirlátið borgarfulltrúum úrvinnslu skýrslunnar og borgarfulltrúar verða að standa undir því trausti að rækja eftirlitshlutverk sitt sem kjörnir fulltrúar. Það er ábyrgðarhluti að ekki verði brugðist við eða aðhafst í kjölfar hennar. Mjög alvarlegar athugasemdir og ábendingar eru í skýrslunni m.a. um alvarleg lögbrot. Rökstyðjum við þessa ákvörðun okkar m.a. með 140 gr. og 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 sem fjalla um skyldur opinberra starfsmanna í störfum sínum.